



Launabreytingar áfram mjög hóflegar

Mun minni launabreytingar en verið hafa

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hækkaði launavísitalan um 0,16% milli október og nóvember. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 4,2%, sem er sama ársbreyting og verið hefur síðustu 3 mánuði, og hefur hún ekki verið svona lítil síðan í ársbyrjun 2011.

Á árinu 2016 hækkaði launavísitalan að jafnaði um 0,7% á mánuði, um 0,6% 2017, 0,5% 2018 og um 0,37% það sem af er þessu ári. Þróunin hefur því verið nokkuð jöfn niður á við.

Breytingar á launavísitölunni eru minni en ætti að vera þar sem ekki hefur verið um neinar kjarasamningsbundnar launabreytingar að ræða á opinbera markaðnum á seinni hluta ársins 2019. Hluti vinnumarkaðarins hefur því verið nær frosinn hvað launabreytingar áhrærir og hefur það auðvitað áhrif á þróun vísitölnnar.

Viðræður vegna kjarasamninga flestra hópa á opinbera markaðnum hafa staðið yfir frá því í vor án þess að samningar hafi verið gerðir við stærstu hópana.

Kaupmáttur eykst enn og hefur aldrei verið meiri

Þrátt fyrir að hækkunartaktur launa hafi lækkað nokkuð stöðugt hefur kaupmáttur launa aukist mikið og var t.d. rúmlega 17% meiri nú í nóvember en í árslok 2015. Kaupmáttur hefur aukist áfram á þessu ári og var 1,5% meiri í nóvember en í nóvember í fyrra.

Í langtímasamhengi hefur kaupmáttur aldrei verið meiri og hefur hann aukist nær stöðugt frá árinu 2010. Fyrir hrun var kaupmáttur hæstur á miðju ári 2008, en hann er tæplega 26% hærri núna en þá. Sé litið á síðustu 10 ár var kaupmáttur nú í nóvember þannig 25% meiri en hann var í nóvember 2009. Það eru ekki margar þjóðir sem hafa upplifað meiri kaupmáttaraukningu á síðustu 10 árum.


Næstu samningsbundnu launabreytingar á almenna markaðnum verða ekki fyrr en í apríl og því má búast við að kaupmáttur láti eitthvað undan síga

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



fram að því, nema launaskrið byrji að taka við sér. Þó eru þess ekki mikil merki, enda spenna á vinnumarkaði farið minnkandi eins og sést t.d. á auknu atvinnuleysi og minni atvinnuþátttöku.

Laun stóru hópanna

Tölur frá Hagstofunni um nánari samsetningu launavísitölnnar ná fram til september 2019. Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á vinnumarkaði á einu ári, frá 3. ársfjórðungi 2018 til sama tíma í ár, má sjá að áhrif kjarasamninga skipta verulegu máli. Launahækkanir á almenna markaðnum á þessum tíma voru þannig verulega meiri en á þeim opinbera. Kjarasamningar á almenna markaðnum voru gerðir í byrjun apríl og vikunum þar á eftir, en í ágúst höfðu ekki verið gerðir neindir samningar á opinbera markaðnum. Launabreytingar á opinbera markaðnum milli 2. og 3. ársfjórðungs voru þannig óverulegar.

Launahækkanir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári frá 3. ársfjórðungi 2018 til sama tíma 2019 var mest hjá tæknum og sérmenntuðu fólki, 6,6%, og næst mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki, 6%. Launavísitalan fyrir almenna markaðinn hækkaði um 5% á þessum tíma og því hafa laun þessara hópa hækkað nokkuð umfram meðaltal almenna markaðarins. Laun sérfræðinga og stjórnenda hækkuðu áberandi minnst á þessu tímabili, eða undir 4%, sem er lægra en hækkan launavísitölu.


Laun í atvinnugreinum

Frá 3. ársfjórðungi 2018 til sama tíma 2019 hafa laun í atvinnugreinum hækkað mest í verslun og viðgerðum, eða um 5,8%, og næst mest í flutningum og geymslu, um 5,5%. Eins og áður segir hækkaði launavísitalan á almenna markaðnum um 5%. Laun hækkuðu minnst á þessum tíma í veitustarfsemi, 3,2%, og í fjármála- og váttryggingarstarfsemi, 3,6%.

Lífskjarasamningurinn fastur í sessi


Nú hefur kjarasamningurinn verið lokað fyrir nær allan almenna markaðinn. Blaðamenn eru enn í erfiðum viðræðum og flugvirkjar eru nú að taka afstöðu til kjarasamnings. Langstærstur hluti opinbera markaðarins er enn með lausa samninga. Rammi lífskjarasamningsins frá 3. apríl hefur náð fótfestu á nær öllum almenna markaðnum og einnig

Launapróun hópa á vinnumarkaði á 3. ársfjórðungi 2019




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun eftir starfsstéttum - breyting á 3. ársfj. 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun eftir atvinnugreinum - breyting á 3. ársfj. 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Þeim fáu samningum sem hafa verið gerðir á þeim opinbera.

Enn sjást ekki nein merki um launaskrið eins og hefur oft orðið þegar hækkanir í kjarasamningum eru mestar á neðri enda launaskalans. Staðan á vinnumarkaði er þannig nú að ekki er að vænta mikils launaskriðs.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.